

## Vandilmar, ein Held wider Willen

(aus der Þiðreks saga)

Jarl Iron ist ein leidenschaftlicher Jäger. Eines Tages reitet er mit seinen Leuten zu einer Jagd auf einen gefährlichen Wisent. Nachdem der Wisent sechs Jagdhunde getötet hat, läßt Iron seine eigenen Hunde Paron und Bonikt auf ihn los. Der Wisent flieht, die Hunde verfolgen ihn. Nun kommt die Stunde des Ritters Vandilmar:

Einn riddari hefir fylgt jarli. Hann hét Vandilmar. Hann var mikill ok sterkr ok allra manna var hann ódjarfastr. Hann hræddisk miðk dýrit. Þegar hann sá þat ok hleypti undan ok sér, at þat mundi fá tekít hann ok hleypr af hestinum ok upp í eitt tré. Nú hleypr dýrit eptir honum ok undir tréit. Nú verðr hann hálfu hræddari en áðr ok hleypr upp í kvistuna er á váru trénu. enn kvistirnir fá ei borit hann ok fellr hann ofan. Nú er dýrit undir ok hefir snúizk í mót hundunum. Riddarinn fellr ofan ok kemr millum horna dýrsins ok sínum megin hvárr fótrinn hálsins. Hann spennir höndunum um horn dýrsins ok heldr allfast. Dýrit verðr allhrætt, hleypr undan, en hundarnir eptir. Jarl ok hans menn hlaupa nú eptir hundunum. Þeir fara nú langa leið. Þá mælti jarl við Nórdian sinn hinn besta veiðimann: "Ek sé hvar dýrit hleypr ok þar með, at mikil furða er, at maðr nokkur liggr á hálsi dýrsins." Nú sér Nórdian svá sem jarl sá. Þá kallar jarl hátt: "Sækium eptir dýrinu, því at nú mun þat mœðask. Einn vár maðr er nú kominn á dýrit. Nú hleypr Nórdian ok hvern riddari sem hans hestr má fara. Dýrit hleypr nú, sem þat má fara við manninn. Þar fylgia siau hinir yngstu vísundar ok allir hundar Irons jarls. Þar er nú mikit kall, hunda sköll ok óp af veiðimönnum. Dýrit hleypr norðr á heiðina til Ungaraskógs. Vandilmar er nú svá hræddr, at hann muni falla af dýrinu fyrir þá sök, at þetta dýr er suá mikit, at hann veit, at hann hefir bana, ef hann fellr ofan, ok þat veit hann, ef hann fær haldit, at dýrit mun mœðask. Á þessa lund hleypr dýrit, þar til er þat kemr í Ungaraskóg ok þar í skóginum komask fyrir hundarnir Paron ok Bonikt ok fá rekit dýrit aptr ok nú verðr dýrinu þungt at hræra halsinn ok höfuðit, er maðrinn sat á. Í þessu kemr at Iron jarl við sitt glaðil. Hann leggr í gegnum dýrit. Með þessu fellr vísundrinn. Þá mælti Iron við Vandilmar riddara: "Þú ert kallaðr allra manna óvaskastr til vígs. Hér hefir þú nú unnit þat verk, at engi er suá diarfr eðr hraustr í mínu landi, at meiri sœmð hafí mér unnit en þú við þinni reysti, ok skaltu þess vel nióta, er við komum heim, fyrir sakir hugprýði þinnar ok atgiörfi.

Nú ríðr at Nórdian ok aðrir riddarar, þar er dýrit hefir fallit. Þeir lofa nú miðk afrek jarls, er hann hefir gert, en engi þeirra veit nema hann einn, er þann veg hefir tilborit. Þeir taka dýrit ok gera til matar ok gefa sinum hundum ok eru nú allkátir. Þá ríðr Iron jarl við alla sína menn heim ok hefir nú efnt sína heitstrenging vel ok prýðiliga.

Þá er Iron jarl kemr heim í Brandinaborg, gengr í gegn honum hans frú ok hennar dóttir, jungfrú Isold, ok fagna nú vel jarli ok verða nú miðk fegnar. Hann tók í hönd Isoldi ok leiddi hana fyrir Vandilmar riddara ok sagði, at þessa giöf

vill hann gefa honum. Þat þakkar Vandilmar vel jarli. Eptir þat var gert þeira brullaup ok fekk hann Isold dóttur jarls. Suá launar Iron jarl Vandilmar, er hann fekk fyrir hans sakir veidd hinn mikla vísund. Vandilmar var síðan greifi Irons jarls. (Þs II:137ff.)

HILFEN FÜR DEN ALTNORDISCHUNTERRICHT  
C: TEXTE  
GERT KREUTZER